

4. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2017-2018 6. feb. 2018 kl. 11:30 – 12:30 í stofu 5 Heppuskóla

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Harpa Lind Helgadóttir, Birna Rós Valdimarsdóttir, Anna Björg Kristjánsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Fjóla Jóhannsdóttir, Árdís Drífa Halldórsdóttir, Hildur Þórsdóttir.

Dagskrá

1. Skólaþing – Hvernig var – hvað kom út úr því og hvernig verður farið með niðurstöður?

Birna Rós og Harpa Lind segja frá hvernig gekk í þeirra hópum og Þórgunnur skýrir hvernig þetta fór fram og hvernig framhaldið verður. Verður reynt að uppfylla hugmyndir sem eru framkvæmanlegar, dæmi afþreying í Heppuskóla sem dæmi borðtennisborð. Útskýra betur fyrir nemendum t.d. námskránnar, til að þau skilji betur af hverju skólinn er uppsettur eins og hann er og að sumum hlutum getum við ekki breytt. Góð æfing fyrir nemendur og þjálfun fyrir borðstjóra.

Umræður um uppsetningu, Harpa og Birna útskýra þeirra upplifun af muninum á skólaþinginu og ungmennaðinginu þar sem uppsetning var með öðrum hætti. Á ungmennaðinginu var kaffihúsa-uppsetning þar sem allir fóru í alla hópa og mismunandi mál voru rædd í hópunum. Fræðslan þar kom frá öðrum krökkum sem höfðu kynnt sér málefni sem þau fluttu, jafningjafræðsla. Rætt hvað við getum bætt og hverjir kostirnir eru. Fram kom tillaga að bjóða upp á einhverskonar þjóðfund á Hafnarhitting þar sem fólk getur komið með hugmyndir sem bæta samfélagið okkar.

2. Samstarf austur eða suður? Nú er félagsmiðstöðin farin að teygja sig suður – á skólinn að huga að því líka t.d. með Skólahreysti? Hvað finnst foreldrum og nemendum? Kostir og gallar. Mikilvægt að foreldrar komi að borðinu þar sem þetta snýst óneitanlega mest um þá og börnin.

Harpa nefnir að nemendum langi að komast suður á höll og annað en þeim langi að halda sig fyrir austan í skólahreysti. Kostir og gallar þess að fara austur eða vestur ræddir og boltinn gefinn yfir til foreldra að halda umræðunni áfram í samráði við félagsmiðstöðina og fræðsluyfirvöld.

3. Á skólinn að byrja seinna á daginn? Á síðustu tveimur fundum fræðslu- og tólmstundanefndar hafa farið fram umræður um að seinka skólabyrjun á morgnana. Upphaf þessara umræðna má rekja til greinarskrifa og umræðna í samfélaginu um að seinka klukkunni á Íslandi. **Hvaða skoðun hafa fulltrúar í skólaráði á þessu máli? Hvaða áhrif hefði það á skólastarf, tólmstundastarf og vinnu foreldra? Málið er fyrst og fremst til kynningar og umræðu.**

Rætt um kosti og galla sem eru mjög margir, hvernig verður með morgunmatinn, hvernig eru krakkarnir stemmdir þegar þau byrja klukkutíma seinna eftir að hafa verið í klukkutíma í leik, einnig rætt að þetta sé ekki okkar að ákveða en mikilvægt að foreldrar komi að umræðunni.

4. Hafnarhittingur -

Fólk ánægt með hittinginn og hafa heyrt gott af honum. Hugmynd um diskósúpu í samstarfi við Nettó, þar sem yrði notast við hráefni sem er að renna út eða er útrunnið en samt alveg heilt og í fínu lagi að nota. Hugmynd hvort ætti að hafa hittinginn líka annars staðar upp á að þetta sé ekki tengt of mikið við skólann. Umræður um það en jafnframt minnt á að þetta er samt sem áður verkefni sem skólinn hefur haldið utan um og vill alveg gera áfram. Rætt um minni virkni foreldra þar sem þeir voru ekki eins mikið að gera með börnunum sínum heldur að koma með þau og þeir að sjá um sig sjálfir. Ákveðið hefur verið að hafa einn Hafnarhitting í viðbót fyrir páska. Rætt er um að hafa hann á miðvikudagegi og kvennakórnum hefur verið boðið að hafa æfingu. Rætt um að auglýsa eftir sjálfboðaliðum svo fólk átti sig kannski betur á að Hafnarhittingur er ekki eign skólans heldur sameign okkar allra. Það er bara starfsfólk innan skólans sem sér um að halda utan um hann..

5. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 13. mars kl. 11:30